

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Prímex, Siglufirði Siglufjörður



<b>Dags eftirlits</b>	7.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Prímex, Siglufirði	<b>Fulltrúi UST</b>	Svanfríður Dóra Karlsdóttir
<b>Heimili</b>	Óskargötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	681197-2819	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Susanne Lieske	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rúnar Marteinson	<b>Staðsetning</b>	504514,193 628305,621

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en ein athugasemd var gerð hvað varðar vinnslu á áætlun fyrir vinnslu próteins úr affallsvatni.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladag skv. því.

Gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar.

Farið var yfir mælingar skv. gr. 4.2 í starfsleyfi frá 2011. Ekki er búið að taka sýni fyrir árið 2012 en verður það gert á næstu dögum. Minnt var á að senda skuli allar niðurstöður fyrir 1. jan. 2013.

Farið var yfir gr. 4.3. í starfsleyfi hvað varðar botnrannsóknir. Rannsóknir voru gerðar árin 1998 og 2003.

## ATHUGASEMDIR

Bent var á að vinna þurfi áætlun um vinnslu á próteini sem nú er losað í fráveitu skv. gr. 3.4. í starfsleyfi. Verið er að vinna nemendaverkefni um próteinvinnslu og ætlar rekstraraðili að skila inn áætlun sem byggist á því verkefni.

## ANNAÐ

Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar í fyrirtækið en áður hefur það verið í höndum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Bleikur flekkur á sjónum, u.þ.b 4m í þvermál sást við útrásarop frárennslis en engin lykt fannst né ágangur fugla sjáanlegur.

Breyting hefur verið gerð á frárennslislögn. Fór eldri lögn í sundur úti í sjó er verið var að dýpka höfnina. Sett var ný lögn sem nær 6m lengra út en sú eldri og liggur á sjávarbotni, á um 6-8m dýpi. Eldri bryggja fyrir framan verksmiðjuna hefur verið fjarlægð og bryggjukantur lengdur við bryggju norðan verksmiðjunnar. Núverandi mælipunktur fyrir mælingar á viðtaka sýna því ekki sömu stöðu og áður og ætlar rekstraraðili að senda hugmynd af nýjum mælipunktum til Umhverfisstofnunar með niðurstöðum mælinga 2012.

Hvorki lykt né hávaði var áberandi, hvorki innan verksmiðju né utan.

Bent var á að engin öryggisþró er í kringum uppleysitank fyrir vítissóða. Tankurinn tekur 3 tonn og undir honum er affalsrist sem liggur beint í frárennsliskerfið. Skv. gr. 2.4. í starfsleyfi skal geymsla fyrir vítissóða vera yfirbyggð og þétt. Gæta skal þess að uppleystur vítissóði flæði ekki um stórsekki sem innihalda vítissóða í föstu formi, komi rof á uppleysitank.

Fyrirtækið er með umhverfisvottun frá Tún og ISO 22000 stjórnkerfi fyrir matvælaöryggi.

Flæðirit framleiðslunnar var afhent í eftirliti sem og niðurstöður mælinga 2011. Niðurstöður mælinga fyrri ára verða sendar Umhverfisstofnun en áður hafa þær verið afhentar Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Bent var á að öll gögn skuli send á netfang Umhverfisstofnunar [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), sem og á netfang eftirlitsmanns.

Reykjavík, 21.11.2012

*Guðbjörg Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.